

Föstudaginn 25. maí 1951.

Nr. 60/1949. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
 gegn

Dánarbúi Brynjólfs Guðlaugssonar
 (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skipstjórakaup heimt.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen bæjarfógeti og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp héraðs-dóminn.

Brynjólfur Guðlaugsson er nú látinn, og er dánarbúi hans því málsaðili hér fyrir dómi.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. marz 1949 og krefst *aðallega* sýknu í aðalsök í héraði, en stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 6093.08 í gagnsök ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1948 til greiðsludags. *Til vara* krefst áfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð í héraði verði lækkuð í kr. 4522.81. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Brynjólfur heitinn Guðlaugsson var ráðinn skipstjóri á skipi áfrýjanda, Skaftfellingi, frá því á síldarvertíð sumarið 1947, þar til hann lét af störfum 18. febrúar 1948, er skipinu var lagt við festar vegna vélbilunar. Hann var frá starfi vegna veikinda frá 17. september til 29. október 1947 og einnig frá 18. nóvember s. á. til ársloka. Eru engar sönnur að því leiddar, að þessi veikindi hans hafi verið með þeim hætti, að svipta beri stefnda rétti til kaups fyrir þann tíma samkvæmt 2. málsgrein 4. gr. sjómannalaga nr. 41/1930. Brynjólfur heitinn Guðlaugsson sagði upp ráðningarsamningi sínum við áfrýjanda 29. janúar 1948, og var uppsógnin miðuð við 1. maí s. á. Krefur stefndi áfrýjanda um vangoldið kaup frá 18. febrúar til 16. marz 1948, er Brynjólfur heitinn

fékk aðra atvinnu. Hefur áfrýjandi engin rök fært fyrir lækkun á þessari kröfu stefnda, sem ber því einnig að taka til greina. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Málflutningsmenn áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti hafa ekki flutt fram nein gögn fyrir varnarástæðum umbjóðanda þeirra, og var áfrýjun málsins því tilefnislaus. Samkvæmt þessu og málavöxtum að öðru leyti ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, dánarbúi Brynjólfs Guðlaugssonar, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 14. des. 1948.

Mál þetta er höfðað af hálfu Brynjólfs Guðlaugssonar skipstjóra, Hásteinsveg 45 hér í bænum, fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja með stefnu, útg. 22. sept. þ. á., birtri s. d., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni og kaupmanni hér í bænum til greiðslu á vangöldnum launum, strandsiglingabóknun og fæðishlunnindum fyrir mánuðina september—desember 1947, að báðum meðtöldum, og í febrúar—marz, að fjárhæð kr. 14.000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 18. febr. s.l., og til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, og síðar hækkaðar kröfur varðandi mál-færslulaunin, sbr. rskj. 15.

Í greinargerð stefnanda (aðalstefnanda), er lögð var fram í fyrsta þinghaldi í málinu, er hin umstefnda krafa færð niður í kr. 13.315.39, sbr. rskj. 2. Stefnandi gerir og þá kröfu, að stefndi (aðalstefndi) verði dæmdur í sekt vegna framkomu hans í réttinum.

Við þingfestingu aðalmálsins hér fyrir réttinum krafðist stefndi, að málinu yrði vísað frá dómi vegna ósamræmis milli stefnukröfunnar og sundurliðunarinnar, sbr. rskj. 2, og til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og að honum verði tildæmdur í báðum tilfellum málskostnaður að skaðlausu og að stefnandi í báðum tilfellum verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Heldur stefndi því og fram, að stefnandi, er tvívegis hafði verið veikur og frá störfum um alllangan tíma, hafi verið í vondri trú varðandi veikindin og leynt sig þeim, og fyrir því hafi hann eigi greitt honum kaup nema fyrir þann tíma, sem hann gegndi störfum í skipinu, og vísar í þessu sambandi til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 41 frá 1930, um að menn, er

leyni veikindum, fyrirgeri rétti sínum til kaups, og gerir þá kröfu, að úrslit málsins um þetta atriði verði látin velta á eiði aðalstefnanda.

Með gagnstefnu aðalstefnda í málinu á hendur aðalstefnanda, útgefinni 13. okt. s.l., gerir gagnstefnandi þær kröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 6093.08, skuld vegna vöruúttektar gagnstefnda við verzlun gagnstefnanda, auk 6% ársvaxta frá 1. júlí síðastl. til greiðsludags, enda verði kröfu í gagnsökinni skuldajafnað við kröfu gagnstefnda í aðalsök, að svo miklu leyti sem krafa hans í þeirri sök kynni að verða tekin til greina, og er krafizt sjálfstæðs dóms í gagnsökinni að öðru leyti. Þá er einnig krafizt málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómarans.

Gagnstefnandi gerir þær kröfur í gagnsök, aðallega að hann verði algerlega sýknaður af gagnkröfu, að janúar kaup gagnstefnda, kr. 3618.00, er hann tjáir, að gagnstefnandi hafi lofað að greiða sér, en eigi var tekið upp í umstefnda kröfu í aðalsök, með því gagnstefndi taldi þess ekki þörf, þar sem enginn ágreiningur væri um þessa kröfu, komi til skuldajafnaðar, og virðist þetta verða að skoðast sem varakrafa í gagnsök, en neitar að greiða mismuninn, kr. 2475.08, með því að reikningarnir fyrir vöruúttektinni, er engar frumnótur fylgi og séu óundirritaðir, séu of háir, en til vara (prautavara), ef kr. 2475.08 verða teknar til greina, að honum verði tildæmd aðalkrafa, kr. 10.840.31, og væri þá skuldajafnaðarkrafan í gagnsök, kr. 3618.00, tekin með.

Málið var flutt skriflega samkvæmt framkominni ósk beggja aðilja. Sáttta var leitað í aðalsök og gagnsök, en árangurslaust.

Málavöxtum hefur verið lýst að nokkru hér að framan í sambandi við gerðar kröfur. Enn fremur skal tekið fram, sbr. fyrirleggjandi skjöl og gögn málsins:

Aðalsökin. Aðalstefnandi, Brynjólfur Guðlaugsson, skipstjóri á m/s Skaftfellingi, V.E. 33, eign aðalstefnda, og er hin umstefnda upphæð kr. 13.315.39, eins og hún er lækkuð, sbr. sundurliðunina, rskj. 2, eins og áður segir, samanlögð laun aðalstefnanda með dýrtíðaruppbót m. m., eins og að framan getur, fyrir um 5 mánuði, eða frá septemberbyrjun til ársloka 1947, og fyrir tímabilið frá 18. febrúar til 16. marz. Launaupphæðin sjálf fyrir allan umgetinn tímann er talin nema kr. 17.834.50, og ef frá eru dregnar kr. 4519.11, er aðalstefnandi viðurkennir, að búið sé að greiða sér upp í launin, verður eftir hin umkrafða upphæð, kr. 13.315.39.

Aðalstefnandi veiktist 17. sept. 1947 af botnlangabólgu og var frá starfi til 29. okt. s. á. og tók þá aftur til starfa, en veiktist á ný 18. nóvember s. á. af brjósthimnubólgu, að því er hann hefur haldið fram, og var frá störfum til áramóta.

Aðalstefndi neitaði að greiða aðalstefnanda laun í veikindaforföllum hans í september og tjáir hann hafi verið í vondri trú varðandi veikindin, einnig hefur hann neitað að greiða honum laun, eftir að hann hætti að starfa í skipinu eftir áramótin og skipinu var lagt við festar í febrúar síðastliðnum. Heldur því og fram, að aðalstefnandi hafi hlaupið frá skipinu vélbúðu í reiðileysi, sjá bókunina í réttarhaldi 23. sept.

Aðalstefnandi hefur eindregið neitað því, að hann hafi komið í vondri

trú á skipið varðandi veikindi sín, eða í „fjárplógsskyni“, eins og haldið hefur verið fram. Telur hann, að með því að neita sér um launin sé um samningsbrot að ræða, hann eigi óskorðaðan rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests. Neitar því og algert, er haldið hefur verið fram af aðalstefnda, að hann hafi samþykkt að hætta störfum án uppsagnarfrests. Kveðst hafa sagt upp, eins og hann hafi haft rétt til, með 3ja mánaða uppsagnarfresti frá áramótum, en hafi hins vegar ekki viljað vera á kaupi hjá aðalstefnda lengur en þörf gerðist, og réð sig því sem háseta á öðrum bát og gerði því ekki kaupkröfuna lengur en til 16. marz. Segir hann, að þann 18. febrúar s.l. hafi skipinu verið lagt við festar vegna bilunar, og þá hafi aðalstefndi hætt að greiða sér laun og hann þá verið atvinnulaus til 16. marz, er hann tók við stöðu sem háseti á b/v Elliðaey, og því, eins og áður segir, gerir hann ekki kaupkröfuna lengur. Þá vísar hann á bug ásökunum aðalstefnda sem staðleysu. Aðalstefnandi hefur lagt fram í málinu samning um kaup og kjör milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, rskj. 7 og 8. Sérstakur samningur milli aðalstefnanda og aðalstefnda hefur enginn komið fram, sbr. þó 1. gr. sjómannalaga, sbr. 2. gr.

Rétturinn lítur svo á, að aðalstefnandi hafi átt rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests, eins og hann heldur fram, og hvað veikindi hans áhrærir, telur rétturinn, að ekkert það hafi komið fram í málinu, er styðji staðhæfingu aðalstefnda um, að aðalstefnandi hafi verið í vondri trú varðandi þau, enda slíku afdráttarlaust neitað af aðalstefnanda, og fyrir því komi ekki til greina ákvæði 2. mgr. 4. gr. sjómannalaga, og varðandi kröfu aðalstefnda um, að úrslit málsins um síðastnefnt atriði verði látin velta á synjunareði aðalstefnanda, þykir ekki ástæða til, eins og málið liggur fyrir, að taka kröfu þessa til greina, né heldur að aðalstefnandi synji fyrir með eiði að hafa samþykkt að hætta störfum án uppsagnarfrests, sbr. rskj. 14.

Rétturinn telur ekki ástæðu til að dæma aðalstefnda í réttarfarssekt, svo sem krafizt er af aðalstefnanda, og eigi kemur heldur til greina krafa aðalstefnda um, að aðalstefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Að athuguðu því, sem fram er komið í málinu, sbr. það, er hér að framan segir, álitur rétturinn, að taka beri til greina að fullu og öllu þrátt fyrir veikindaforföllin kaupkröfur aðalstefnanda, eins og þeim er lýst, sbr. það, er áður segir, sbr. og rskj. 2, eða eins og krafizt er launa m. m. frá septemberbyrjun til ársloka 1947, og frá 18. febr. til 16. marz, en hin endanlega tildæmda krafa í málinu miðast við skuldajöfnuð í gagnsök.

Vaxta og málskostnaðarkröfuna ber og að taka til greina, eftir því sem við á.

Gagnsökin. Í gagnsök telur rétturinn, að beri að taka til greina kröfu gagnstefnanda um greiðslu á kr. 6093.08 fyrir vöruúttekt, sbr. reikninginn á rskj. 3, sem vísað er til sem grundvallar fyrir kröfunni af gagnstefnanda og lagður er fram af aðalstefnanda og vísað til um innborganir upp í launagreiðslur.

Vill rétturinn taka fram út af framkomnum ummælum aðalstefnda, að engum tölum hefur verið breytt á reikningnum, eins og hann kemur fram. Neðan á og á röndinni á reikningnum eru áritaðar tölur til glöggvunar eða minnis, að því er sýnist, er hafa engin áhrif á sjálfan reikninginn eða niðurstöðu hans, og því er varðar hin framkomnu mótmæli gagnstefnda gegn heildarniðurstöðu reikningsins, rskj. 3, sem of hárrí ásamt fleiru, sjá hér að framan, eru þau eigi bundin við neina sérstaka liði reikningsins og of óákveðin, enda og vísað af honum til reikningsins um viðskiptin milli aðila, — gagnstefnandi hefur og haldið því eindregið fram, að reikningarnir hafi verið sendir gagnstefnda að minnsta kosti á tveggja mánaða fresti og að aldrei hafi fyrr en nú verið hreyft neinum mótmælum af gagnstefnanda hálfu gegn réttmæti þeirra. Telur rétturinn því eigi ástæðu til að taka hin framkomnu mótmæli til greina, heldur beri, eins og að framan segir, gagnstefnda að greiða reikningskröfuna að fullu.

Telur rétturinn því, að umrædda kröfu, kr. 6093.08, samkvæmt kröfu gagnstefnanda beri að draga frá kröfu aðalstefnanda í aðalsök, er þá verður kr. 7.222.31. En hins vegar hefur rétturinn eigi séð sér fært að taka til greina kröfu gagnstefnda um, að skuldajafnað verði við gagnkröfuna, kr. 3618.00, launum, er gagnstefndi telur sig eiga inni hjá gagnstefnanda fyrir janúarmánuð 1948 og sér hafi verið lofað greiðslu á, en neitað er af gagnstefnanda. Álitur rétturinn, að þurft hefði og að stefna framhaldsstefnu fyrir þessari upphæð, er eigi hefur komið fram í aðalstefnu, til þess að sameina hana málinu hér. Málskostnaður í gagnsök þykir rétt, að falli niður.

Niðurstaða málsins verður því sú samkvæmt framansögðu, að skuldajafna ber gagnstefnukröfunni, kr. 6093.08, við aðalstefnukröfuna, kr. 13.315.39, og verða þá eftir kr. 7222.39, sem dæma ber aðalstefnda, Helga Benediktsson, til að greiða aðalstefnanda, Brynjólfi Guðlaugssyni, með vöxtum 5% frá 16 marz síðastliðnum til greiðsludags og málskostnað með kr. 700.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndi, Helgi Benediktsson, greiði aðalstefnanda, Brynjólfi Guðlaugssyni, kr. 7222.31, með 5% ársvöxtum frá 16. marz síðastliðnum til greiðsludags og málskostnað með kr. 700.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.